

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	15.12.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Helgi Auðunsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Rannversson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að athuga hvort tímaáætlun úrbótaáætlunar vegna fráviks væri að standast.

UMFANG EFTIRLITS

Rætt var um stöðu á símæli fyrir ryk sem var ekki kominn meðan eftirlit fór fram en kom seinna sama dag. Þegar er byrjað að vinna að því að koma mælinum upp og er enn áætlað að hann verði uppsettur og virkur 23. desember nk.

Búið er að hreinsa lóð vegna rafskautamassa sem hafði farið úr pokum. Búið var að færa fyrri sendingu af rafskautamassa inn í ofnhús en seinni sendingin stendur enn út á lóð, hún verður svo færð í gáma til bráðabirgða meðan verið er að koma upp geymsluaðstöðu.

Úrgangur frá framleiðslu er settur í gám en ráðgert er að hann verði geymdur á ómalbikuðu plani ef útskolunarpróf úrgangsins staðfesta að hann innihaldi ekki efni sem eru skaðleg umhverfinu. Umræddur úrgangur samanstendur af skurn sem situr eftir í deiglu eftir að hellið hefur verið úr henni. Úrgangur er ekki vigtaður sérstaklega nema kæmi til útflutnings.

Farið var yfir skráningakerfi rekstraraðila. Farið stuttlega yfir í eftirliti en fylgt eftir með tölvupósti sama dag. Rykmagn sem safnast í reykahreinsivirki er ekki vigtað fyrir en búið er að pakka því og það tilbúið til útflutnings. Sjálfvirkt skráningarkerfi fyrir hreinsivirkið virkar ekki enn eins og til var ætlast en þangað til fer fram handvirk skráning ofngæslumanna.

Í tölvupóstsamskiptum fékkst staðfest að uppkeyrsluferli við nýjan ofn verður endurskoðaður þegar þar að kemur. Einnig var rætt um atvik þar sem glussaslanga hafði gefið sig í innhellistól eftir að tappað hafði verið af deiglu, en þá var gripið til þess að hella úr deiglunni í hringekjuna þar sem minna afsog er en í deiglustólum.

Farið var í skoðunarferð út á svæði, reykur sást ekki á svæðinu og engin lykt fannst en búið var að ræsa ofn upp aftur aðfaranótt þriðjudags 13. desember. Gengið var í kringum hauginn af viðarflís sem er óvenju stór en hann inniheldur um tvöfalt magn af viðarflís miðað við það sem ráðgert er að sé á svæðinu alla jafna. Teknar voru 3 skóflur með gröfu inn í hauginn til að athuga ástand eldri flísar og mögulega lykt frá þeim. Lyktin var meiri innar í haugnum en þó ekki mjög sterk.

Frávik frá

grein 2.2 í starfsleyfi um hráefnisgeymslur, vörugeymslur og eldsneyti

Lýsing á fráviki

Hráefni (rafskautamassi) sem er hættuleg umhverfinu er geymd óvarin á lóð. Í ákvæði 2.2. kemur fram að mengandi efni megi ekki leka í jarðveg. Við umrædda geymslu er hætta á slíku. Því þarf að geyma allan rafskautamassa í lokuðu rými, í húsi eða í gámum á lóðinni.

ATHUGASEMDIR


Unnið er að endurbótum á skráningarkerfi varðandi rekstur reykahreinsivirkis en enn fer skráning fram að hluta til handvirkt. Gera þarf betur grein fyrir framvindu mála vegna sjálfvirkis skráningakerfis til Umhverfisstofnunar fyrir 15. janúar 2017.

ANNAÐ

Skv. upplýsingum rekstraraðila er símælibúnaður fyrir ryk komin upp í reykhreinsivirki. Mælingar eru þó ekki hafnar þar sem forritunarvinnu er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að hann verði komin í gagnið í kringum áramótin.

Reykjavík, 19.01.2017

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Einar Halldórsson